SELTJARNARNESBÆR

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi
Bt. skipulagsfulltrúa

Seltjarnarnes, fimmtudagur, 26. janúar 2023
Tilvísun 2020040062/510

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033, kynning á vinnslustigi**

Gistiþjónusta á íbúðarsvæðum

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar samþykkti á fundi sínum 9. nóvember 2022 að kynna á vinnslustigi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 þar sem sett eru ákvæði um gistiþjónustu á íbúðarsvæðum. Þar koma fram skilyrði sem rekstrarleyfisskyld gistiþjónusta í minni gistiheimilum og íbúðum þarf að uppfylla. Engin breyting er gerð á skipulagsuppdráttum.

Hjálögð tillaga er aðgengileg á vef Seltjarnarnesbæjar frá 26. janúar 2023 og liggur einnig frammi á bæjarskrifstofu Seltjarnarnesbæjar. Óskað er eftir ábendingum um efni tillögunnar og að þær komi fram í síðasta lagi 23. febrúar 2023 . Ábendingar skal senda í tölvupósti á postur@seltjarnarnes.is eða í bréfpósti til skipulagsfulltrúa Seltjarnarness Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi.

Þeim sem vilja ræða efni tillögunnar eða leita frekari skýringa er bent á viðtalstíma skipulagsfulltrúa milli kl. 11 og 12, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga á kynningartíma.

Kynning þessi er í samræmi við grein 4.6.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Virðingarfyllst

SKIPULAGSSTJÓRI • SELTJARNARNESS

Brynjar Þór Jónasson
Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026